

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar og skráningu vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald, kr. 750.00.

2. gr.

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis, skal greiða gjald, kr. 750.00.

3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald, kr. 350.00 fyrir hvern vöruflokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald, kr. 150.00.

5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir afrit tilkynningar greiðist gjald, kr. 30.00.

Fyrir rannsókn á því, hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald, kr. 30.00 fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald, kr. 2 250.00.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 1., 2. og 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni sé afturkölluð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir skráningu og endurnýjun vörumerkja samkv. lögum, er í gildi voru fyrir 1. janúar 1969 skal greiða gjöld svo sem fyrir er mælt í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 104 22. desember 1965.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 2. janúar 1969.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.